

Minnisblað

Til: mennta- og menningarmálaráðherra

Frá: safnstjórum Listasafns Íslands, Náttúruminjasafns Íslands og Þjóðminjaverði, Þjóðminjasafni Íslands.

Efling höfuðsafnanna þriggja – Listasafns Íslands, Náttúruminjasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands.

1. Staða höfuðsafnanna þriggja er ólík er varðar húsnæði. Þjóðminjasafn Íslands býr nú við góðar aðstæður til varðveislu, rannsókna og miðlunar eftir uppbyggingu á liðnum áratugum en hin höfuðsöfnin eiga við aðstöðuvanda, sér í lagi Náttúruminjasafn Íslands sem ekki býr yfir eigin húsnæði. Þennan vanda má leysa að stórum hluta með tilfærslu Safnahússins frá Þjóðminjasafns til Listasafns Íslands og flutningi Náttúruminjasafns í nýbyggingu áður fyrirhugaðs Lækningaminjasafns á Seltjarnarnesi ásamt afnotum og umsjón með Nesstofu sem tilheyrir húsasafni Þjóðminjasafns.
2. Dómsmál um nýbyggingu Lækningaminjasafns gefur tilefni til að bæta úr brýnni þörf Náttúruminjasafns fyrir nýjar höfuðstöðvar.

Í tilefni þess að 75 ár eru liðin frá stofnun lýðveldisins er hér lagt til að teknar verði ákvarðanir um leiðir til framþróunar safnastarfs á Íslandi með áherslu á þrjú öflug höfuðsöfn. Það er í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs þar sem kveðið er á um eflingu höfuðsafnanna.

Tillögur:

- a) **Stjórnvöld kanni kosti þess og galla að leysa til sín húsnæði nýbyggingar áður áformaðs Lækningaminjasafns við Safnatröð á Seltjarnarnesi, sem nú er í dómsmáli, og afhendi það Náttúruminjasafni Íslands.**
- b) **Nesstofa sem tilheyrir húsasafni Þjóðminjasafns ásamt urtargarði, við hlið nýbyggingar Lækningaminjasafns, verði afhent Náttúruminjasafni Íslands til afnota með samstarfssamningi og verði tileinkuð sýningahaldi um tengsl náttúru- og læknávisinda með áherslu á störf frumkvöðla á því sviði og danskt-íslenskt vísindasamstarf.**
- c) **Safnahúsið við Hverfisgötu verði fært frá Þjóðminjasafninu til Listasafns Íslands og verði vettvangur miðlunar myndlistararfsins (sjá sameiginlegt erindi safnanna til mennta- og menningarmálaráðherra dags. 21. febrúar sl.).**

Greinargerð

Höfuðsöfnin gegna mikilvægu hlutverki sem grunnstoðir menntakerfis landsins í samræmi við ákvæði safnalaga nr. 141/2011. Lögð er áhersla á samvinnu þessara leiðandi stofnana í þágu safnastarfs um land allt á sviði lista, sögu og náttúru. Sérstök áhersla er lögð á fræðslu og menntunarhlutverk safnanna í þágu barna og barnamenningar með fjölþættri safnkennslu og aðgengi barna að myndlist, náttúrvísindum og þjóðminjum.

Það er sameiginleg sýn okkar safnstjóra höfuðsafnanna að markmið ríkisstjórnarinnar um fjölbreytt og faglegt starf í þágu barna og safnastarfs almennt á vegum höfuðsafnanna þriggja verði helst náð með eftirfarandi skipan mála:

- Að kannaðir verði kostir þess og gallar að höfuðstöðvar Náttúruminjasafns Íslands flytji í nýbyggingu við Safnatröð á Seltjarnarnesi sem hýsa átti Lækningaminjasafn Íslands, og sá kostur veginn og metinn gagnvart öðrum möguleikum um framtíðaruppbyggingu Náttúruminjasafnsins, þ. á m. hugmynd um nýbyggingu í Vatnsmýrinni ásamt Háskóla Íslands. Húsnæðið við Safnatröð er hið glæsilegasta, um 1400 m², sérstaklega hannað fyrir safnastarfsemi og staðsetningin ákjósanleg varðandi náttúrusýningar, rannsóknir og fræðslu, einkum er lýtur að fjöru- og sjávarlífríki og málefnum hafsins almennt. Í Gróttu starfrækir Seltjarnarnesbær fræðasetur í nýjum endurgerðum húsum sem býður upp á áhugavera samstarfsmöguleika. Við Neströð er einnig að finna hús Lyfjafræðingafélags Íslands þar sem Lyfjafræðisafn er til húsa með sterka tenginu við náttúrufræði. Náttúruminjasafnið mun áfram standa að sýningahaldi í Perlunni í samstarfi við Perlu norðursins ehf. og á vegum safnsins og samstarfsaðila þess eru smærri sýningar á döfinni á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi.
- Verði höfuðstöðvar Náttúruminjasafns Íslands fluttar að Safnatröð skal kanna kosti þess og galla að rekstur safnastarfs í Nesstofu við Neströð og umsjón með húsinu verði færð frá Þjóðminjasafni Íslands til Náttúruminjasafnsins með samstarfssamningi og að þar verði vettvangur sýninga um frumkvöðla á sviði náttúruvísinda og lækninga og danskt-íslenskt vísindasamstarf á því sviði. Nesstofa tilheyrir húsasafni Þjóðminjasafns Íslands og var endurbyggt nýlega á vegum safnsins með stuðningi frá *Ágústínussjóðnum* í Danmörku. Lagt er til að Náttúruminjasafnið, Þjóðminjasafnið og Háskóli Íslands – Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hafi samstarf um fyrstu sýningu í húsinu og sæki m.a. um styrki í danska sjóði til þess að standa straum af gerð sýningar.
- Að kannaðir verði kostir og gallar þess að ábyrgð Safnahússins við Hverfisgötu verði færð frá Þjóðminjasafni til Listasafns Íslands og að þar verði miðstöð miðlunar myndlistararfsins. Safnahúsið var sameinað Þjóðminjasafni Íslands árið 2013 þegar Þjóðmenningarhúsið var lagt niður. Safnahúsið er friðað hús sem hæfir sýningu á myndlistararfi þjóðarinnar. Tilfærsla hússins til Listasafns Íslands yrði til þess að efla starfsaðstöðu Listasafns Íslands. Safnahúsið hýsir nú fjölþætta starfsemi og þar ber hæst grunnsýningin, *Sjónarhorn – ferðalag um íslenskan myndheim*, sem er samstarfsverkefni sex þjóðmenningarstofnana og opnaði árið 2015.